

**Sþ.**

**126. Tillaga til þingsályktunar**

[113. mál]

um umbætur í málefnum barna.

Flm.: Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Bragi Nielsson, Bragi Sigurjónsson, Finnur Torfi Stefánsson, Eiður Guðnason, Gunnlaugur Stefánsson, Karl Steinar Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Ágúst Einarsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún skipi samstarfsnefnd stjórn málaflókka og félagasamtaka, er fjalli sérstaklega um málefni barna í tilefni af ári barnsins 1979. Samstarfsnefnd þessi geri tillögur um nýja laga-setningu og umbætur í málefnum barna og liggi þær fyrir 101. löggjafarþingi haustið 1979. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar þessarar er bent á allmarga málaflókka, sem nefndin gæti hugað að.

**Greinargerð.**

Ár barnsins er á næsta ári, 1979. Til þess er ætlast, að á því ári verði börnum og málefnum þeirra sérstakur gaumur gefinn, enda ekki vanþörf á. Á þessu ári hafa átt sér stað talsverðar umræður um barnið og samfélag þess. Þetta er ekki síður mikilvægt á Íslandi en í öðrum löndum. Það er ekki fátækt né hungur er steðjar að íslenskum börnum. Það er miklu frekar umhyggjuleysi, sem stafar af hinni gifurlegu vinnu, er foreldrar og umráðamenn barna leggja af mörkum. Fyrir þetta líða börn stórlega, og má segja, að nokkurt málmhljóð hafi mátt heyra í umræðu um lausn á uppeldismálum barna undanfarin ár.

Nútímaþjóðfélagið virðist í „framfara“-vilja sínum hafa gleymt hinum mannlega þætti í uppbyggingu þjóðfélagsins. Það hefur verið andsnúið börnum að vissu leyti. Má til dæmis benda á þá öfugþróun, að í flestum tilvikum eiga fjölskyldur og foreldrar barna í mestum fjárhagsörðugleikum þegar börnin eru yngst og þurfa á mestri umhyggju að halda. Þetta á við um þá, er stofna heimili, standa í íbúðarbyggingum eða íbúðarkaupum. Á því tímabili er mest vinna lögð af mörkum og minnstur tími gefst til að sinna barnauppeldi. Þjóðfélagið hefur ekki reynt að létta byrði þessa samfélagshóps, og er vert að gefa þessum þætti gaum á ári barnsins.

Þeir málaflokkar, sem flutningsmenn þessarar tillögu leggja mesta áherslu á, eru í samræmi við niðurstöður Sambands Alþýðuflokkskvenna, sem hefur fjallað mikið og ítarlega um málefni barna. Samband Alþýðuflokkskvenna hefur gefið út sérstaka stefnuskrá um barnið í þjóðfélagi jafnaðarstefnunnar og er einu stjórn-málasamtökin, sem það hafa gert. Verður nú getið þeirra mála, sem flutningsmenn

óska að samstarfsnefndin hugi að. Auðvitað kemur margt annað til greina, en nauðsynlegt er að afmarka starfssvið nefndarinnar eftir mætti.

1. Sett verði löggjöf um allt að 10 daga leyfi á ári á fullum launum fyrir hvort foreldri, sem er frá störfum vegna veikinda barns.

2. Sett verði lög, þar sem framleiðsla, innflutningur og sala á „striðsleikföngum“ verði bönnuð, einnig að hert verði allt eftirlit með kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsdagskrám, sem ætlaðar eru börnum.

3. Komið verði á fót embætti barnaumboðsmanns með eftirfarandi starfssvið m. a.:

- fræðslu fyrir almenning um réttarstöðu barna,
- eflingu áhugamála og réttindamála barna,
- úrskurðarvald í ágreiningsmálum um börn,
- eflingu réttaröryggis barna á heimilum og uppeldisstofnunum,
- til að koma á framfæri og fylgja eftir hagsmuna- og áhugamálum barna við skipulagningu á sviði umhverfismála og íbúðahverfa,
- eflingu samvinnu, jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar milli barna og annarra aldursflokka, án tillits til kynferðis og annarra sérástæðna,
- sem verði opinber áfrýjunaraðili, þegar grunur leikur á, að barn hafi verið órétti beitt.

4. Tryggt verði, að allar konur njóti fæðingarorlofs, og sett verði löggjöf þar um.

5. Stefnt verði að launalausum leyfi vegna fæðingar barna í allt að eitt ár fyrir hvort foreldri sem er, án réttindaskerðingar, einnig að gefa foreldrum ungra barna kost á styttri eða breytilegum vinnutíma.

6. Að endurskoðuð verði tollaálagning á ungbarnafæðu, barnavögnum og á öðrum nauðsynjavörum fyrir börn.

7. Sett verði löggjöf um foreldrafræðslu og fjölskylduráðgjöf, er felur í sér fræðslu fyrir foreldra í formi kynlífsfræðslu, hjónabandsráðlegginga, heimilisfræðslu, barnasálfræði og fræðslu um barnaumönnun og barnauppeldi.

8. Að komið verði á fót fjölskylduráðgjöf um allt land í umsjá hins opinbera.

9. Að börnum, sem eru foreldralaus eða vanrækt, verði samfélagið að sjá fyrir nægum fjölda aðlaðandi litilla heimila með traustu starfsfólki af háðum kynjum.

10. Að stofnsett verði fósturheimili undir eftirliti sérhæfðs starfslíðs fullorðinna, sem sé nægilega vel launað fyrir vandasamt starf.

11. Ríkið taki að nýju þátt í rekstri dagvistarstofnana.

12. Þroskaheft börn fái aukna heilsugæslu á vegum heilsugæslustöðva. Staða þeirra í skóla- og dagvistarmálum verði endurskoðuð í samræmi við félagasamtökin Þroskahjálp.

13. Að um allt land verði starfandi kunnáttufólk og sérfræðingar, sem geta aðstoðað þau börn, sem eiga við einstök vandkvæði að etja.

14. Að tekin verði upp í efri bekkjum grunnskóla almenn fræðsla um réttindi og skyldur hvers einstaklings í íslensku þjóðfélagi.

15. Að gerð verði úttekt á almennri réttarstöðu barna í þjóðfélaginu með það fyrir augum að fá nákvæmt yfirlit yfir hana. Síðar verði komið á samræmdari og sjálfri sér samkvæmari löggjöf um börn.

16. Að endurskoðuð verði núgildandi lög um vernd barna og ungmenna (nr. 53/1966).

Það er einlæg von flutningsmanna, að mál þetta fái skjótan framgang og innan þessarar samstarfsnefndar megi samræma þær hugmyndir, sem fram kunna að koma um réttindamál barna. Það hefur verið orðað svo, að fátt sé nútímabörnum nauðsynlegra en að fá foreldra sína aftur. Þessi setning segir meira en langar greinargerðir. Framfarir eru til lítils, ef þær verða á kostnað þeirrar undirstöðu, sem hvert þjóðfélag byggir á, þ. e. nýjum kynslóðum.